

# STARFSLEYFI

Framleiðsla á malbiki

**Munck Íslandi ehf.**

Álhellu 18, Hafnarfirði

(lögheimili Hlíðasmári 4, Kópavogi)

Kt.: 701013-0340

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Munck Íslandi ehf., kt. 701013-0340, til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Álhellu 18, Hafnarfirði. Munck Íslandi ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki. Þá er heimilt að reka tengda starfsemi og þjónustu.

Heimilt er að vera með allt að 200 m<sup>3</sup> birgðir af biki og olíu á starfssvæðinu í litlum geymum, þar af 70 m<sup>3</sup> í stærsta geymi og gert er ráð fyrir ílátum fyrir hreinsiefni (einkum repjuolíu).

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Rekstraraðila er heimilt að endurvinnna malbik.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram

m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur malbikunarstöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur af öðrum ástæðum en reglubundinni rekstrarstöðvun um vetur og tíðarfari. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. viðvart um stöðvanir og gangsetningar um leið og eftirlitsaðila. Einnig skal tilkynna eftirlitsaðila ef reksturinn er stórlega skertur frá því sem búast má við.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er, sbr. grein 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. grein 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna. Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, sbr. 63. gr. laganna.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 .

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Setja skal umhverfismarkmið fyrir reksturinn og þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá grein 2.4) er fullnægjandi að vísa til þeirra. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

## 2.3 Verkstjórn aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Fjarlægja skal úrgang af lóð þegar í stað.

Aksturleiðir skulu vera lagðar bundnu slitlagi. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun. Aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila og senda skal Mannvirkjastofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengileg tækni hefur verið skilgreind í „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða.

## HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

### 3.2 Móttaka, geymsla og flutningur hráefna

Við móttöku, geymslu og flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki með því að hindra fok t.d. með skjólveggjum með a.m.k. þremur hliðum, eftir atvikum einnig með þaki, eða með því að nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður.

Rekstraraðili skal vera með áætlun sem samþykkt er af eftirlitsaðila, sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna sem og við óhagstæð veðurskilyrði. Í áætluninni skal einnig koma fram tilhögun á reglulegri hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaði ökutækja.

Ef ekki tekst að hefta fok að mati eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun farið fram á endurskoðun áætlunarinnar.

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

Fallhæð við flutning hráefna skal ekki vera meiri en 2 m.

## LOFT

### 3.3 Afsogsloft

Afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhreinsibúnaði.

Áætlun skal vera til um rekstur hreinsibúnaðar. Útstreymishraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s ( $\pm 10\%$ ). Umhverfisstofnun getur fallist á breytingar á þessu, sé sú krafa studd með loftdreifilíkani sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Líkanið skal gert af þriðja aðila sem hefur til þess faglegar forsendur.

### 3.4 Skorsteinn

Útblástursloft frá hreinsibúnaði skal leiða út í gegnum a.m.k. 12 m háan skorstein. Skorsteinninn skal útbúinn þannig að auðvelt sé að mæla ryk í honum.

### 3.5 Fræst malbik

Ef rekstraraðili hyggst endurnýta fræst malbik beint í framleiðsluna skal nota kalda innmötun í blöndunareininguna til að lágmarka losun PAH-efna. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um það ef slík vinnsla verður hafin.

Notkun á fræstu malbiki sem hráefni í vöru er háð því að varan uppfylli ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs.

### 3.6 Losunarmörk í útblæstri

Útblástur skal standast eftirfarandi mörk í öllum einingum stöðvarinnar, miðað við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum:

Mengunarefni	mg/Nm <sup>3</sup>
Heildarryk	50
Kolmónoxíð (CO)	500
Köfnunarefni NO <sub>x</sub> (sem NO <sub>2</sub> )	400
PAH (mæliaðferð skv. ISO 11338)	0,0020

### VATN

### 3.7 Frárennsli<sup>1</sup>

Áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílsþalla) skulu fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfali í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi. Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs. Eftirfarandi losunarmörk gilda:

Mengunarefni	Losunarmörk
Olía í frárennsli	15 mg/kg
Svifagnir í fráveituvatni	50 mg/l

Niðurföll frá þvottaaðstöðu skulu leidd í olíugildru og sandfang.

### 3.8 Geymar, lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar, nr. 884/2017. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. grein 2.5, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppurrkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

---

<sup>1</sup> Einnig gilda lög og reglugerðir um frárennsli og fráveitur, sem og lög um mannvirki. Fráveitan frá rekstrinum fer inn á fráveitukerfi landeiganda sem verður tekið út af Hafnarfjarðarbæ.  
Síða 7 af 27

## ÚRGANGUR

### 3.9 Meðhöndlun úrgangs

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykks móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu.

## ANNAÐ

### 3.10 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá stöðinni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni, sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

### 3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,



- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku.

Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

## 4.2 Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í greinum 3.6 og 3.7. Verklag eða tæknilegar lausnir skulu vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis, t.d. rifnum pokum. Fella skal niður mælingar á PAH ef rekstraraðili notar ekki heimildina í grein 3.5. Útstreymishraða úr skorsteini skal mæla samhliða rykmælingu. Mælingar skulu fara fram þegar stöðin er í eðlilegum rekstri. Auk þess skal mæla olíu í fráveituvatni, að lágmarki á hverju ári en oftast ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.8 séu uppfylltar. Niðurstöðurnar skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.

Á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olíuskilju og tæma sandfang/sandföng og skilju eftir þörfum, sbr. kröfur í gr. 3.7.

Umhverfisstofnun getur krafist úttektar á hávaða (sjá grein 3.10), gefist tilefni til.

Mælingar skulu vera gerðar samkvæmt stöðluðum mæliaðferðum.

## 4.3 Eftirlit með rykmyndun á lóð

Rekstraraðili skal setja upp myndavélareftirlit sem gefur góða hugmynd um rykmyndun á svæðinu og sýna þannig mengunarástand lóðar. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að upptökum í allt að tvær vikur eftir að upptaka fer fram. Við meðhöndlun á upptökum skal gæta að lögum um persónuvernd.

## 4.4 Umsjón mælinga

Allar mælingar sem starfsleyfi þetta kveður á um eru á kostnað og ábyrgð rekstraraðila.

## 4.5 Vöktun umhverfis

Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun á starfssvæðinu ef henni verður komið á, á gildistíma starfsleyfisins. Rekstraraðili skal greiða sinn hlut í rannsóknnum á mengun eða sameiginlegri umhverfisvöktun eða einstökum vöktunarpáttum sem stafa af losun sem rekja má til stöðvarinnar í samræmi við umfang losunarinnar.

## 4.6 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði hennar.

# 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk í gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar. Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 3. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í IX. viðauka, lið 3.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 8.júní 2034.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík, 8. júní 2018**

**Gunnlaug Einarsdóttir**  
**Staðgengill forstjóra**

**Sigrún Ágústsdóttir**  
**Sviðsstjóri**

## VIÐAUKI

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru regluleg skil:

- Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku, sbr. gr. 3.9.
- Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir sbr. gr. 4.2.
- Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í greinum 3.6 og 3.7. Niðurstöðurnar skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. (gr. 4.2)
- Skila skal niðurstöðum græns bókhalds árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, sbr. grein 4.6.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## FYLGISKJAL 1

### Um ákvörðun losunarmarka:

Losunarmörk fyrir útblástur í grein 3.6 eru ákvörðuð með tilliti til aðstæðna hjá rekstraraðila og dæmigerðum útblástursgildum skv. 7. kafla skjalsins „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007. Þó eru mörk fyrir NO<sub>x</sub> lægri og miðuð við losunarmörk í starfsleyfi Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar-Colas hf. frá 27. febrúar 2008.

Losunarmörk fyrir olíu í grein 3.7 eru miðuð við 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá landi. Losunarmörk fyrir svifagnir í grein 3.7 eru miðuð við losunarmörk í starfsleyfi Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar-Colas hf. frá 27. febrúar 2008.

## FYLGISKJAL 2

### Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu fyrir malbikunarstöð Munck Íslandi ehf., Álhelli 18, Hafnarfirði og útgáfu starfsleyfisins í framhaldi af auglýsingunni

#### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Munck Íslandi ehf. hyggst útvíkka starfsemi sína með því að reisa og reka malbikunarstöð að Álhelli 18 í Hafnarfirði. Starfsemin felst í rekstri Benninghoven MBA 160 malbikunarstöðvar. Framleiðslugeta slíkrar stöðvar er 160 t/klst. af malbiki.

Gert er ráð fyrir því í skipulagsskilmálum deiliskipulags 2. áfanga í Kapelluhrauni að lóðin að Álhelli 18 sé í flokki B3 og segir enn fremur í skipulaginu: „Til starfsemi í flokki B3 má nefna malbikunarstöðvar, steypistöðvar, verkstæði og þungaiðnað“. Tekið er fram að gert er ráð fyrir „atvinnustarfsemi sem þarf að gæta [að] ströngustu kröfum um mengunarvarnir til að hafa sem minnst áhrif á umhverfi sitt“. Byggingarsvæði stöðvarinnar fellur undir ákvæði um svæði takmarkaðrar ábyrgðar, sbr. ákvæði 12. greinar í Aðalsamningi, sem staðfestur var með lögum nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Umsókn um starfsleyfi barst Umhverfisstofnun í desember 2017. Við úrvinnslu hennar ákvað Umhverfisstofnun að spyrjast fyrir um það hjá Skipulagsstofnun hvort hún þyrfti að fá þetta mál til meðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun svaraði 4. janúar 2018 og benti á að það væri eðlilegt að viðkomandi aðili myndi senda Skipulagsstofnun fyrirspurn um hvort þessi starfsemi falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurninni ætti að fylgja nánari upplýsingar og lýsing á starfseminni, bæði húsakynni og um geymslufyrirkomulag hráefna, magn þeirra, stærð svæðis og hvar það er staðsett.

Í framhaldinu sendi rekstraraðili inn upplýsingar sem um var beðið og svar Skipulagsstofnunar barst Umhverfisstofnun 15. janúar 2018 og kom fram í svarinu að hvað varðar eðli, umfang og staðsetningu stöðvarinnar falli framkvæmdin ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og sé því ekki tilkynningarskyld framkvæmd. Fram kom einnig að eftir eftirgrennslan Skipulagsstofnunar að gert sé ráð fyrir þessari gerð af iðnaðarstarfsemi í Kapelluhrauni.

Umhverfisstofnun leitaði álits heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um innsend gögn ásamt rökstuddu áliti um hugsanlega mengun. Beiðnin var send með hliðsjón af þágildandi ákvæðum gr. 8.2 í reglugerð nr. 785/1999, um að ávallt skuli leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar við gerð tillögu að starfsleyfi. Beiðnin var send þann 5. febrúar 2018 enda lá rökstutt áliti ekki fyrir fyrr en þá. Þess má geta að eftir útgáfu og gildistöku reglugerðar nr. 550/2018, er ekki lengur skylt að útbúa rökstutt áliti um hugsanlega mengun.

Svar barst eftir reglulegan fund heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 26. febrúar 2018 þar sem heilbrigðisnefndin lagði áherslu á samráðsskyldu við bygginga- og skipulagsyfirvöld sveitarfélaga og beindi því til Umhverfisstofnunar að kanna vel þennan þátt í upphafi vinnu við starfsleyfisgerð.

Þann 2. mars 2018 skrifaði Umhverfisstofnun því bréf til Hafnarfjarðarbæjar, Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Óskað var eftir því að ef Umhverfis- og skipulagsþjónustan hefði athugasemdir um þessi áform á þessu stigi eða óskaði eftir upplýsingum um málið, yrði því komið á framfæri við Umhverfisstofnun fyrir 19. mars 2018.

Umhverfis- og skipulagsþjónustan óskaði eftir fundi með Umhverfisstofnun sem haldinn var í Norðurhelli 2 í Hafnarfirði þann 23. mars 2018. Mál stöðvarinnar voru þar rædd á breiðum grundvelli og Umhverfisstofnun kynnti drög að starfsleyfistillögu sem þá lá fyrir.

Að fundi loknum taldi Umhverfisstofnun að rétt væri að fá skýrari svör við því hvort ákvæði greinar 14.3 þágildandi reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, væru uppfyllt með fullnægjandi hætti. Umhverfisstofnun taldi að það væri rétt að fram kæmi túlkun Hafnarfjarðarbæjar á því, þar sem sveitarfélagið fer með túlkun laga og reglna um skipulagsmál á sínu svæði. Tölvupóstur var því sendur til bæjaryfirvalda 27. mars 2018 um þetta atriði. Bent var á að ef ekki væri um að ræða starfsemi sem samræmdest deiliskipulagi skapaðist vegna ákvæða reglugerðarinnar, þörf á að fá umsögn viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um hvort starfsemin samrýmdest gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Í slíku tilfelli er ekki heimilt að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en fjögurra ára.

Svar barst 11. apríl 2018 þar sem komist var að niðurstöðu um að á lóðinni Álhelli 18 væri leyfður rekstur malbikunarstöðvar að uppfylltum skilmálum deiliskipulags og þeim lögum og reglugerðum sem um slíka starfsemi gilda. Þar á meðal skilyrðum um útlit bygginga og frágang á lóðum við Reykjanesbraut, hámarks vegghæð og hæð útveggja og þaks, strompa og sílóa.

Þetta kom fram í tölvupósti sem sendur var Umhverfisstofnun. Því lá fyrir að mati Umhverfisstofnunar að gefa mætti út starfsleyfi til meira en fjögurra ára.

## 2. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 13. apríl til 11. maí 2018. Ekki lágu fyrir áform um að halda almennan kynningarfund en tekið var fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar að sú ákvörðun yrði endurskoðuð ef eftir því yrði óskað. Auglýsingunni fylgdi rykbindiáætlun fyrirtækisins, sem ætlað er að taka á rykmengun við aðdrátt hráefna, varðveislu hráefna, framleiðslu malbiks ásamt afhendingu og brottflutningi malbiks. Gert er ráð fyrir að rykbindiáætlunin verði endurskoðuð eftir fyrsta rekstrarár stöðvarinnar og síðan reglulega eftir það m.t.t. kvartana og ábendinga.

Á auglýsingatíma starfsleyfistillögunnar bárust umsagnir frá 28 aðilum um tillöguna.

### 3. Rökstutt álit Umhverfisstofnunar á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið, sbr. gr. 8.3 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í þágildandi reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, var áskilið að Umhverfisstofnun bæri að gefa út rökstutt álit á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið. Álit þetta var sent, eins og áður segir, til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (sent þann 5. febrúar 2018). Álitið fylgdi síðan með starfsleyfistillögunni sem fylgiskjal. Álitið sem gert var, er svohljóðandi:

„Umsókn Munck Íslandi ehf. um starfsleyfi felur í sér áform um að reka malbikunarstöð að Álhelli 18 í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Stöðin samanstendur af einni Benninghoven MBA 160 malbikunarstöð sem getur afkastað allt að 160 t/klst framleiðslu á malbiki.

Varðandi losun mengunar gera rekstraraðilar grein fyrir því í umsókn að reiknað er með losun ryks, CO og köfnunarefnisoxíðs frá brennara við þurrkun steinefna. Reiknað er með ryki frá meðhöndlun og flutningi steinefna innan lóðar, lykt frá heitu biki og malbiki og lykt frá forbrennsluofni í rannsóknarstofu. Búist er við hávaða frá hreyfanlegum hlutum malbikunarstöðvarinnar, ámokstursvélum og vörubílum. Ef óhöpp verða, getur orðið mengun í jarðveg vegna olíuefna.

Umhverfisstofnun leiðbeindi rekstraraðila um að spyrjast fyrir um matsskyldu vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun segir í svari sínu við þessu erindi að „þær upplýsingar sem borist hafa frá framkvæmdaraðila hvað varðar eðli, umfangs og staðsetningu starfseminnar sýni fram á það að framkvæmdin falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og sé því ekki tilkynningarskyld framkvæmd.“

Þá spurðist Umhverfisstofnun fyrir um nokkur atriði tengd umsókninni og eftirfarandi kom fram

- Geymar á lóðinni fyrir bik og olíu verða ekki með meira rúmmál alls en 200 m<sup>3</sup>
- Bikgeymsla verði í tveimur upphituðum tvöföldum geymum, en ekki er um stóra bikgeymslu að ræða á þessari lóð
  - o Til skoðunar er stærri bikgeymsla á öðrum stað en því verður ekki blandað við þessa starfsleyfisumsókn
- Geymdir verða 10-30 m<sup>3</sup> af brennsluolíu á lóð, einnig allt að 2 m<sup>3</sup> af repjuolíu
- Ekki liggur fyrir hvort bikþeyta verði framleidd á staðnum en árspörfin er áætluð undir 50 m<sup>3</sup>
- Ekki er gert ráð fyrir steinmulningi á staðnum, að miklum hluta er gert ráð fyrir innflutningi steinefnis

Nánari upplýsingar um áætlaða mengun og bestu aðgengilegu tækni vegna starfrækslu malbikunarstöðva má finna í "Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes" sem er útgefið af EAPA í júní 2007.

Umhverfisstofnun hefur áður litið til þessa skjals við gerð starfsleyfa fyrir sambærilega starfsemi.“

#### 4. Kynningarfundur í Hafnarborg

Vegna þess fjölda umsagna sem barst ákvað Umhverfisstofnun að halda opinn kynningarfund í Hafnarborg kl. 16:30, fimmtudaginn 24. maí 2018. Á fundinum var fjallað um útgáfu starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun. Fjallað var um athugasemdir og rætt var við gesti um hvernig yrði brugðist við þeim. Fulltrúar rekstraraðila gerðu einnig grein fyrir verkefninu. Umhverfisstofnun tilkynnti að tekið yrði við athugasemdum sem kynnu að berast vegna fundarins til sunnudagsins 27. maí 2018. Ekki bárust neinar athugasemdir á þeim tíma.

#### 5. Umsagnir sem bárust á auglýsingatíma og svör Umhverfisstofnunar við þeim

Umsagnir bárust frá 28 aðilum um tillöguna á auglýsingatíma. Þær bárust allar á þeim tíma sem opinber auglýsing varði, en engin viðbótarumsögn barst hins vegar á þeim tíma sem áður er getið um vegna fundar í Hafnarborg, þ.e. til sunnudagsins 27. maí 2018. Útdráttur er birtur hér á eftir úr öllum umsögnunum og á eftir fylgja viðbrögð Umhverfisstofnunar við henni.

##### 5.01 Umsögn frá Birgi Erni Guðjónssyni

Umsögnin felur í sér að lýst er andstöðu við starfsleyfistillöguna. Bent er á að í hverfinu sé önnur malbikunarstöð sem gefi frá sér bæði loft- og sjónmengun, auk þess sem álver er skammt frá. Vallarhverfið er sagt vera ört vaxandi íbúasvæði og óásættanlegt fyrir alla þessa íbúa að bæta við mengandi iðnaði sem þessum í garðinn hjá þeim.

- Umhverfisstofnun annast ekki skipulag og tekur ekki ákvarðanir um staðarval.
- Þrátt fyrir ofangreint ber Umhverfisstofnun að fara eftir gildandi skipulagi. Samkvæmt upplýsingum Hafnarfjarðarbæjar samræmist starfsemin skipulagi.
- Umhverfisstofnun gerir kröfur með skilyrðum í útgefnu starfsleyfi um viðeigandi ráðstafanir í mengunarvörnum. Í eftirliti er fylgst með því að þessar kröfur séu virtar og unnt er að uppfæra kröfur um mengunarvarnir og mælingar ef þörf er á.

##### 5.02 Umsögn frá Ölmú Rut Kristjánsdóttur og Arnari Dór Hannessyni

Í umsögninni koma fram mótmæli við að rekstraraðili fái starfsleyfi í Kapelluhrauni. Bent er á að í hverfinu sé önnur malbikunarstöð með „tilheyrandi“ loft- og sjónmengun. Þá segir: „Kapelluhraunið er við „inngang“ Hafnarfjarðar og þar er nú þegar stórt og mikið álver, og ekki við því bætandi að hafa aðra stóra verksmiðju þar beint á móti. Þetta fyrirhugaða starfsleyfi bætir við allt að 160 t/klst af malbiki, sem klárlega hefur áhrif á loftmengun í hverfinu okkar, en húsið okkar er t.d. aðeins í um 2 km fjarlægð.

Það búa um 5.000 manns í þessu hverfi, sem okkur þykir mjög vænt um.“

- Vísað er til svara hér að framan í lið 5.01.

##### 5.03 Umsögn frá Sigríði Björk Halldórsdóttur

Fram kemur að ákvörðun um að opna malbikunarstöðina er mótmælt. Skorað er á Umhverfisstofnun að finna aðra staðsetningu fyrir malbikunarstöðina.

- Vísað er til svara hér að framan í lið 5.01.

#### 5.04 Umsögn frá Ole Rönne

Lagt er til að stöðin verði flutt annað vegna mengunarhættu.

- Vísað er til svara hér að framan í lið 5.01.
- Eins og fram kemur hér að framan liggur fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um að starfsemin sé ekki tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

#### 5.05 Umsögn frá Berglindi Jónsdóttur

Mótmælt er áformum um starfsleyfi til handa malbikunarstöðinni. Ein og sér mengi stöðin ekki meira en reglur gera ráð fyrir en spurning sé um samlegðaráhrif. Þar er bent á aðra malbikunarstöð, steypustöð<sup>2</sup> og álver, auk kísilvers í Reykjanesbæ og áhrif frá borunum í Krýsuvík.

- Þó ekki sé líklegt að finna megi samlegðaráhrif frá tveimur síðastnefndu uppsprettunum, kann að vera tilefni til þess að skoða samlegðaráhrif á iðnaðarsvæðinu í samráði við heilbrigðisnefnd og önnur fyrirtæki á svæðinu.
- Steypustöðin er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis en ekki hjá Umhverfisstofnun og það sama gildir um mengunarvarnaeftirlit með henni.
- Umhverfisstofnun hefur í ljósi þess sem kemur fram hér að framan bætt við í starfsleyfi ákvæði um sameiginlega vöktun umhverfis, til að auðvelda slíkt samstarf ef því verður komið á síðar.
- Umhverfisstofnun vill einnig minna á að tvær loftgæðamælistöðvar eru starfræktar á svæðinu, annars vegar stöð sem stendur við Norðurhelli sem er í eigu heilbrigðiseftirlitsins sem einnig rekur stöðina og hins vegar stöð við Hvaleyrarholt sem Umhverfisstofnun rekur með Rio Tinto Alcan.
- Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgjast með þróuninni og mun hlutast til um aðgerðir til að draga úr mengun ef tilefni er til að mati stofnunarinnar.

#### 5.06 Tvær umsagnir frá Kára Sigurfinnssyni

Mótmælt er áformum um að reisa malbikunarstöðina á þeirri forsendu að nóg sé af mengandi iðnaði á þessum slóðum.

- Vísað er til svara hér að framan í lið 5.01.

Síðari umsögn Kára var samhljóða þeirri fyrri með þeirri viðbót að bætt var við sömu tölulíðum og komu fram hjá Einari Kristjánssyni.

---

<sup>2</sup> Í athugasemdinni er rætt um sementsverksmiðju en Umhverfisstofnun vill leyfa sér að álykta að átt sé við steypustöðina þar sem sement kemur við sögu sem hráefni.



- Sjá svör við umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.07 Umsögn frá Einari Kristjánssyni

Harðlega er mótmælt að rekstraraðilinn fái starfsleyfi fyrir framleiðslu í Álhelli 18. Tilgreindar eru sex tölusettar ástæður fyrir þessari afstöðu.

1. Önnur malbikunarstöð er á svæðinu. Því segir að það geti verið erfitt að greina frá hvorri stöðinni mengun komi. Einnig rætt um samlegðaráhrif.
2. Lyktarmengun getur tvöfaldast. Bent er á að lyktarmengun er einstaklingsbundin og einnig segir að ekki finnist viðurkenndar aðferðir til að mæla hana. Vísað er í að „viðvíkjandi Kísilframleiðsluna hjá United Silicon á Suðurnesjum þar sem það var lyktarmengunin sem var ráðandi og gildin fyrir svifryk fór aldrei yfir leyfileg mörk.“
3. Gert er ráð fyrir að útstreymishraði úr skorsteini verði að a.m.k. 20 m/s og sbr. grein 3.3 skal skorsteinninn vera a.m.k. 12 m. hár. Þetta er sagt að þýði að ryk og reykjamökkur mun berast töluvert hátt, sem aftur stækki bæði dreifingarsvæðið<sup>3</sup> og mengunarsvæðið með því að lengja þann tíma sem rykið fellur niður.
4. Losunarmörk fyrir NO<sub>x</sub> eru lægri en hjá nálægri malbikunarstöð. Í umsögninni segir að nýja stöðin losi 25% meira magn af NO<sub>x</sub> en stöðin hjá Hlaðbæ Colas, eða 500 mg/m<sup>3</sup> í stað 400 mg/m<sup>3</sup> hjá Hlaðbæ Colas.
5. Geymsluheimild á lóð fyrir bik og olíu sé takmörkuð við allt að 200 m<sup>3</sup> en það sé allverulegt magn. Bikið sé upphitað sem gerir að íkveikjuhitinn sem þarf er mun lægri en ella. Að auki er gert ráð fyrir 10-30 m<sup>3</sup> af brennsluolíu eða 10 til 30 þúsund lítrum.
6. Gagnrýnt er að opnað sé á möguleika að hafa fræst malbik á svæðinu sem inniheldur bik og olíu og á sama tíma að mælingar á fráveituvatni eigi að vera á þriggja ára fresti.

Þá er gerð tillaga um að finna aðra staðsetningu fyrir stöðina.

- Punktur 1: Umhverfisstofnun bendir á að mælingar fyrir útblástur um skorstein fara fram við upptök losunar. Þannig eiga mæliniðurstöður vegna hverrar stafsstöðvar fyrir sig að vera skýrar.
- Punktur 1: Eins og kemur fram í svörum við umsögn Berglindar Jónsdóttur, er gert ráð fyrir þeim möguleika að sameiginleg umhverfismörkun verði tekin upp á svæðinu í framtíðinni vegna mengandi starfsemi. Ákvörðun um það hefur ekki verið tekin.

---

<sup>3</sup> Í athugasemdinni segir reyndar „þynningarsvæðið“ en á kynningarfundinum í Hafnarborg kom fram að átt væri við svæðið sem mengunin dreifist um. Þynningarsvæði merkir að á slíku svæði má fara yfir umhverfismörk en ekki er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi í tengslum við þetta starfsleyfi.

- Punktur 2: Það hafa ekki borist margar kvartanir til Umhverfisstofnunar um lykt frá malbikunarstöðum. Keimur af olíuefnum gæti þó borist eitthvað til byggða í tilteknum vindáttum. Hitt er rétt sem virðist felast í athugasemdinni að mælingar á ryki eru ekki til þess fallnar að vera áræðanlegur mælikvarði á lykt, enda er það ekki tilgangur rykmælinga.
- Punktur 2: Þess má geta að ekki er með öllu útilokað að mæla lykt. Til eru aðferðir til þess, til dæmis með svonefndum "olfactometer".
- Punktur 2: Umhverfisstofnun bendir á að sú staða sem kom upp hjá kísilveri í Reykjanesbæ er algjörlega fordæmalaust mál og ekki til þess fallið að vera viðmiðun í þessu máli.
- Punktur 2: Malbikunarstöðin er lengra frá byggð og minni en hin stöðin. Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að ætla að lykt „tvöfaldist“.
- Punktur 3: Skorsteinn er ekki mengunaryörn í sjálfu sér en hjálpar til við það að dreifa úr því sem eftir stendur og því er minni áhersla á ákvæði um skorsteina. Fyrst og fremst er lögð áhersla lægri styrk mengunarefna í lofti og hreinsun útblásturs.
- Punktur 3: Til að ná markmiði um að bæta loftgæði er mun mikilvægari ráðstöfun en ákvæði um skorstein, að tryggja að rykið sem fer með útblæstri í skorsteininn sé sem allra minnst. Mörkin sem sett eru í starfsleyfi fyrir rykútblástur úr skorsteini er 50 mg/Nm<sup>3</sup>. Þetta næst ekki nema með hjálp síuútbúnaðar.
- Punktur 3: Hæð skorsteins verður fyrst og fremst að ná yfir byggingar. Stöðvarnar eru ólíkar hvað hæð varðar.
- Punktur 4: Umhverfisstofnun fellst á að þrengja losunarmörk fyrir NO<sub>x</sub> niður í 400 mg/m<sup>3</sup>. Það er samt sem áður rétt að taka fram að það er ekki rétt að losunin verði 25% meiri með því að hafa losunarmörkin 500 mg/Nm<sup>3</sup> frekar en 400 mg/Nm<sup>3</sup> heldur aðeins að leyfð mörk fyrir útblástur á hvern rúmmetra eru 25% hærri. Nýja malbikunarstöðin er auk þess minni en sú eldri. Þau mörk sem valin voru í starfsleyfistillögu eru fengin úr BAT skýrslu sem Umhverfisstofnun telur að sé rétt að miða við en fellst þó eins og áður segir á að víkja frá henni til þess að samræma þessar kröfur.
- Punktur 5: Mengunaryarnir sem skylt er að hafa við þessa geymslu eru auk starfsleyfis, tilgreindar í ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá landi.
- Punktur 5: Íkveikjuáhætta er málefni sem fyrst og fremst fellur undir starfssvið Mannvirkjastofnunar og slökkviliðs.
- Punktur 6: Umhverfisstofnun fellst á að mælingar á fráveituvatni verði gerðar oftari (á hverju ári) og setur inn ítarlegri ákvæði sem varðar starfsreglur, þ.e. um skoðun á olíugildrum og sandföngum og viðmiðanir um þær. Skoðun á hvað kemur í skiljur er mikilvægasti liðurinn í þessu eftirliti og mælingar á fráveitu eru síðan aðallega til frekari staðfestingar. Það er þó rétt að mati Umhverfisstofnunar að fara varlega og því er fallist á þessa auknu tíðni.
- Punktur sem er ekki tölusetur: Vísað er til svara hér að framan í lið 5.01.

### 5.08 Umsögn frá Öldu Úlfarsdóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.09 Umsögn frá Árnýju Sigtryggsdóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.10 Umsögn frá Ólöfu Sigurborg Sigurðardóttur og öðrum íbúum Blómvalla 35

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.11 Umsögn frá Birni Heiðari Þórðarsyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.12 Umsögn frá Presti Magnússyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.13 Umsögn frá Einari Dagfinni Klemenssyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.14 Umsögn frá Aðalheiði Pétursdóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.15 Umsögn frá Risto Izev

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.16 Umsögn frá Sólveigu Helgu Sigurðardóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.17 Umsögn frá Viðari Kristinssyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.18 Umsögn frá Svandísi Kristinsdóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.19 Umsögn frá Ásrúnu Höllu Finnsdóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.20 Umsögn frá Harrý Ágústi Harrýssyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.21 Umsögn frá Daníel Emilssyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.22 Umsögn frá Orra Kristni Jóhannssyni, Rósu Björgu Karlsdóttur og Hildi Hörn Orradóttur

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

### 5.23 Umsögn frá Pétri H. Péturssyni

Í umsögninni er því harðlega mótmælt að malbikunarstöðin fái starfsleyfi. Tiltekið er sem rök fyrir þessu að umrædd verksmiðja samræmist ekki aðalskipulagi Hafnarfjarðar varðandi atvinnusvæðin í Selhrauni og Hellnahrauni en þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á milli atvinnusvæða með tilliti til notkunar þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að bæta umhverfi iðnaðarhverfanna og ásýnd þeirra gagnvart íbúðabyggð og Reykjanesbrautinni. Gerð er sérstök krafa um ásýnd þeirra bygginga sem liggja að Reykjanesbraut. Þessi viðbót við þann iðnað sem er fyrir þ.m.t. álverið er sagt vera stórslys bæði mengunarlega séð svo ekki sé talað um þá sjónmengun sem þessi verksmiða mun valda. Bent er á að aðkoma að höfuðborgarsvæðinu frá Reykjanesi er nú þegar til skammar og mun þessi viðbót gera illt enn verra. Annað í umsögninni er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í tölusettu liðum á eftir þessum fyrsta um skipulagið.

- Umhverfisstofnun skoðaði það við vinnslu málsins hvort samræmi væri við skipulag á svæðinu enda getur stofnunin ekki gefið út starfsleyfi sé óvissa um þennan þátt. Í

Þeirri vinnu var óskað eftir túlkun bæjaryfirvalda og eins og segir hér að framan var komist að skýrri niðurstöðu um að á lóðinni Álhelli 18 væri leyfður rekstur malbikunarstöðvar að uppfylltum skilmálum deiliskipulags og þeim lögum og reglugerðum sem um slíka starfsemi gilda. Þar á meðal skilyrðum um útlit bygginga og frágang á lóðum við Reykjanesbraut, hámarks vegg hæð og hæð útveggja og þaks, strompa og sílóa.

- Um síðari liði umsagnarinnar eiga sömu svör við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

#### 5.24 Umsögn frá Jenny Lind Tryggvadóttur og Markus Menczynski

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

#### 5.25 Umsögn frá Þráni Gunnlaugi Þorsteinssyni

Umsögnin er samhljóða umsögn Einars Kristjánssonar og er í sömu tölusettu liðum.

- Sömu svör eiga við og varðandi umsögn Einars Kristjánssonar.

#### 5.26 Umsögn frá Hafnarfjarðarbæ, Umhverfis- og skipulagsþjónustu

Vikið er að fráveitumálum hjá malbikunarstöðinni. Þar segir að vegna starfsleyfis stöðvarinnar „þurfi Umhverfisstofnun að tryggja að ekki verði heimilt að gangsetja malbikunarverksmiðju að Álhelli 18, án þess að fá staðfest frá Hafnarfjarðarbæ að lóð Álhelli 18 sé tengd fráveitukerfi sem tekið hefur verið út og samþykkt af Hafnarfjarðarbæ.“

Kröfur eru gerðar um að í starfsleyfinu komi fram að skólp eigi að fara í skólpfráveitukerfi, sama eigi að gilda um afrennsli frá olúgildrum sem eiga að taka við ofanvatni frá stöðum þar sem hætt er við olíumengun, s.s. í kringum búnað, olíugeyma, áfyllingarplön o.fl.

Sandföng eigi að vera á afrennsli af plönun, akstursleiðum o.s.frv.

Þá er vikið að samanburði við starfsleyfi annarrar malbikunarstöðvar sem starfsrækt er í grenndinni. Hæð skorsteina er tekin fyrir og borin eru saman ákvæði stöðvanna um hana. Sagt er að ekki sé gert ráð fyrir því að í starfsleyfistillögu fyrir Munck að akstursleiðir séu lagðar bundnu slitlagi og gagnrýnt að ekki sé gert ráð fyrir að hráefni sem geta fokið séu geymd í lokuðum geymslum. Loks segir að ekki sé hægt að sjá af gögnum hvernig geyma skuli fljótandi hráefni og eldsneyti en það sé geymt í lokuðum geymum með lekavörn hjá hinni malbikunarstöðinni.

Síðan er í lok umsagnarinnar rifjað upp að á árinu 2007 voru tvær malbikunarstöðvar í Hafnarfirði. Vandamál voru áberandi á þessum tíma vegna mengunar frá malbikunarstöðvum í Hafnarfirði.

- Færð hefur verið inn sú viðbót að áréttað er í starfsleyfinu að einnig gildi lög og reglugerðir um frárennsli og fráveitur, sem og lög um mannvirki. Einnig er tekið fram að frárennsli frá rekstrinum fari inn á fráveitukerfi landeiganda sem verður tekið út af Hafnarfjarðarbæ. Einnig er búið að skerpa á kröfunum í texta starfsleyfis um frárennsli hvað varðar búnað sem þarf að vera til staðar og þó enn frekar um verklag og umgengni við mengunarvarnabúnað.

- Bætt hefur verið við tilvísunum um meðferð olíufna (t.d. varðandi úðun vörubílsþalla) og frá þvottaaðstöðu og eins og varðandi áfyllingar verði þetta leitt í olúgildru og sandfang.
- Umhverfisstofnun leggur áherslu á að losunarmörk fyrir útblástur séu virt og hvað hæð skorsteins varðar þurfi útblásturinn að komast yfir byggingarnar á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að hæð skorsteins sé nægileg til að mæta þeim þörfum.
- Í starfsleyfistillögu (og starfsleyfi) fyrir Munck segir einmitt í gr. 2.3 að aksturleiðir skuli lagðar bundnu slitlagi.
- Umhverfisstofnun hefur hins vegar ákveðið að opna á í endanlegum texta starfsleyfisins að hægt sé að skylda rekstraraðila til þess að leggja bundið slitlag á stærri hluta athafnasvæðisins eða allt athafnasvæðið ef niðurstöður eftirlits leiða í ljós þörf á því.
- Umhverfisstofnun hefur íhugað kröfuna um lokaða geymslu fyrir fínefni. Markmið Umhverfisstofnunar er að gera starfsleyfin þannig úr garði að þau skapi skilyrði og skyldur hjá rekstraraðila til að hemja losun og takmarka umhverfisáhrif frá rekstrinum. Almennt telur Umhverfisstofnun óæskilegt að tilgreina í starfsleyfi eina tæknilausn við mengunarvarnir fremur en aðra og það er á ábyrgð rekstraraðila að stýra sínum umhverfismálum að kröfum sem Umhverfisstofnun setur í starfsleyfi um árangur. Rekstraraðili lagði fram áætlun um rykbindingu þegar starfsleyfistillaga var auglýst og má segja að áætlunin taki ýmislegt með í reikninginn. Áætlunin gerir vissulega ekki ráð fyrir byggingu fínefnageymslu. Þess í stað felur hún í sér að nálgast viðfangsefnið meðal annars með vatnsúðakerfi. Í áætluninni er gerð grein fyrir tæknilegum eiginleikum sem áformað er að vatnsúðakerfið eigi að hafa, þar á meðal er umfjöllun um hvernig vatnsbyssur komi til greina að nota og vatnstæmingu og hitaþræði til að verjast frosti. Áætlunin nær til fjögurra þátta rykmengunar: rykbindingu við aðdrætti hráefna, við varðveislu hráefna, við framleiðslu malbiks og við afhendingu og brottflutning malbiks. Ljóst er að fínefnageymsla er helst gagnleg við varðveislu hráefna en nær ekki yfir aðrar uppsprettur ryks. Sjá nánari umræðu um þetta í svari við umsögn Hlaðbæjar-Colas hf.
- Geymsla biks er aðeins til skamms tíma á lóðinni í daggeymunum, tvær áfyllingar á dag þegar mest er samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila. Efnið mun koma frá aðilum sem hafa starfsleyfi fyrir geymslu biks.

### 5.27 Umsögn frá Opus lögmönnum fyrir hönd Hlaðbæjar-Colas hf.

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf. (MHC) sendir athugasemdir við tillöguna af því að fyrirtækið telur að ekki séu gerðar sambærilegar kröfur til sinnar stöðvar og gerðar eru til Munck (MÍ). Telur MHC að ekki sé gætt jafnræðis, þ.e. ekki tekið nægilegt tillit til jafnræðisreglu í stjórnarskrá og í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Lögð er áhersla á að misræmi sé í kröfum um geymslu hráefna enda hafi MHC þurft að lúta kröfum í starfsleyfi og í framhaldi af því eftirliti um að byggja fínefnageymslu á lóðinni, sem er geymsla fyrir hráefni til malbiksgerðar sem að nokkrum hluta telst silt og leir. Þessi geymsla er nú langt komin í byggingu eftir margra ára eftirfylgni Umhverfisstofnunar.

Því telur MHC að það skjóti skökku við að gera þessar kröfur ekki til malbikunarstöðvar Munck. Einnig leggur MHC fram lista yfir ýmis atriði sem MHC telur að séu í ósamræmi og feli í sér slakari kröfur en til sinnar stöðvar.

1. *Geymsla hráefna og varnir gegn foki: Ekki er kveðið verði á um lokaða geymslu í báðum starfsleyfum með sama hætti.*
2. *Losunarmörk svifagna í fráveituvatni vantar hjá MÍ.*
3. *Losunarmörk NO<sub>x</sub> er hærrí hjá MÍ.*
4. *Lágmarkshæð skorsteins er hærrí hjá MHC.*
5. *Lágmarks útblásturshraði er ekki gefinn með „vikmörkum“ hjá MHC. Það er hins vegar gert í starfsleyfi MÍ.*
6. *Krafa er um hreinsun flutningsleiða fyrir hráefni hjá MHC, ekki hjá MÍ.*
7. *Krafa er um hreinsun hjólbúnaðar hjá MHC, ekki hjá MÍ.*
8. *Krafa er um hámarks fallhæð 2 m hjá MHC, ekki hjá MÍ.*
9. *Krafa er um geymslu lofttegunda hjá MHC, ekki hjá MÍ.*
10. *Geymsla hráefna utandyra með takmörkuðu aðgengi hjá MHC, ekki hjá MÍ.*
11. *Hávaði: Óskýrar kröfur hjá MÍ, skýrari hjá MHC.*
12. *Mælingar, krafa um árlega mælingu á ryki og brunagasi, krafa um símælingu eða viðvörunarbúnað um rifna poka, allt hjá MHC. Á móti krafa um árlega mælingu hjá MÍ en heimilt að mæla á tveggja ára fresti ef mælingin er til þess að staðfesta símælingu.*
13. *Mælingarkrafa og krafa um „að skila árlega gögnum um olíu og svifryksmagn í frárennsli“ hjá MHC en aðeins sé krafa um mælingar á olíu í fráveituvatni þriðja hvert ár hjá MÍ.*
14. *Krafa hjá MHC um að mæla samfellt í útblæstri frá þurrk- og blöndunartækjum eða pokahús skulu útbúin með búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna, ekki hjá MÍ.*
15. *Sjálfvirku vöktunarbúnaður fyrir losun sæti árlegu eftirliti og prófunum.*
16. *Samráðsfundir eru ekki fyrirhugaðir fyrir MÍ en MHC hefur ákvæði um samráðsfundi í sínu starfsleyfi*
17. *Vöktunarákvæði í starfsleyfi MHC, ekki í starfsleyfi MÍ.*
18. *Ákvæði um greiðslu kostnaðar með takmarkaðri hætti í starfsleyfistillögu MÍ en hjá MHC.*

- Almennt: Malbikunarstöðvarnar eru ekki nákvæmlega eins, stöð MÍ er minni en stöð MHC og fjær byggð. Túlkun á jafnræðisreglu tekur mið af þessu enda er tilgangurinn

með útgáfu starfsleyfa fyrst og fremst að draga úr mengun og neikvæðum umhverfisáhrifum.

- Punktur 1: Umhverfisstofnun gerir almennt ekki kröfur um ákveðinn tækjabúnað eða mannvirki í starfsleyfum en meginreglan er að rekstraraðilar eiga að benda á lausnir sem þeir telja að henti sinni starfsemi og miðar að því að kröfur starfsleyfis um mengunarvarnir séu uppfylltar. Eins og segir í svörum við athugasemdum frá Hafnarfjarðarbæ hér að ofan verður að líta til þess hvernig heildaráhrif verða á rykbindingu. Kosturinn við áætlunina er eins og áður segir að tekið er á fleiri þáttum í henni við heftingu ryks en foki við varðveislu hráefna. Ef hins vegar kemur í ljós að rykbinding sé minni en vonast er eftir hefur nú verið settur fyrirvari í starfsleyfið með afar skýrum hætti. Breyting er gerð á grein 3.2 þar sem ítarlegar er farið yfir kosti til að halda rykmengun í lágmarki og um hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaðar. Sett er ákvæði um fallhæð við flutning hráefna. Með þessu móti verður töluvert aðhald til að knýja fram árangur af heftingu ryks en ekki er hægt að segja fyrir um það nú hvaða ákvarðanir verða teknar á grundvelli ákvæðisins.
- Punktur 1: Áréttað er nú í starfsleyfinu að vökvunarbúnaður þarf að þola frost og íslenskar veðuraðstæður.
- Punktur 2: Losunarmörk verða sett á svifagnir með sambærilegum hætti og hjá MHC. Sjá grein 3.7.
- Punktur 3: Losunarmörk fyrir NO<sub>x</sub> verða þrengd frá auglýstri tillögu.
- Punktur 4: Þessu er svarað í sambærilegri athugasemd frá Einari Kristjánssyni.
- Punktur 5: Umhverfisstofnun fellst á að óvissumörk mælinga gildi á þann hátt sem MHC tilgreinir. Gert er ráð fyrir að í eftirliti með MHC verði veittur sami sveigjanleiki.
- Punktur 6 og 7: Krafa um hreinsun flutningsleiða kom fram í auglýstri tillögu í grein 3.2 sem kveður á um að rekstraraðili skuli vera með áætlun sem samþykkt er af eftirlitsaðila, sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna sem og við óhagstæð veðurskilyrði. Þetta hefur nú verið áréttað frekar með því að taka fram að í áætluninni eigi að koma fram tilhögun á reglulegri hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaði ökutækja.
- Punktur 8: Fallist er á þetta sjónarmið og sett ákvæði um 2 m fallhæð í grein 3.2 hjá MÍ.
- Punktur 9: Umhverfisstofnun leggur ekki áherslu á geymslu lofttegunda þar sem ekki hefur komið fram að markverð áhætta sé fyrir umhverfið af þeim sökum hjá malbikunarstöðvum. Hvað varðar slyshættu fyrir starfsmenn gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Punktur 10: Í grein 2.3 er í starfsleyfistillögu og í starfsleyfi kveðið á um snyrtilega umgengni á rekstrarsvæði, auk aðgangstakmörkunar, sjá grein 2.3 („Aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi.“)
- Punktur 11: Umhverfisstofnun bendir á að ný reglugerð um hávaða hefur tekið gildi eftir að starfsleyfi fyrir MHC var gefið út.
- Punktur 12 og 14: Fram kemur í grein 3.3 að afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhreinsibúnaði. Hins vegar er breyting á grein 4.2 þar sem nú er gerð nánari grein fyrir í kröfum um að verklag eða tæknilegar lausnir skuli vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis, t.d. rifnum pokum.



- Punktur 13: Sjá svar við sambærilegri athugasemd frá Einari Kristjánssyni.
- Punktur 15: Umhverfisstofnun telur ákvæði breyttrar greinar 4.2 um að verklag eða tæknilegar lausnir skuli vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis vera nægilega ráðstöfun en í verklagi ætti að fylgja kröfur um kvörðun.
- Punktur 16: Umhverfisstofnun telur að rétt sé að endurskoða ákvæði um samráðsfundi í starfsleyfum fyrir malbikunarstöðvar og sambærilega starfsemi og tekur undir að kröfur þurfa að vera samræmdar hvað þetta varðar. Metið verður í samstarfi við heilbrigðisnefnd á svæðinu hvernig best er að greina þróun mengunarálags á iðnaðarsvæðinu.
- Punktur 17: Sjá svar við sambærilegri athugasemd frá Berglind Jónsdóttur.
- Punktur 18: Breytt hefur verið ákvæðum greinar 4.5 sem samræmist þessu sjónarmiði.

## 5.28 Umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Farið er yfir málið frá sjónarhóli heilbrigðiseftirlitsins. Áhersla er á að eldri verksmiðja annars malbikunarfyrirtækis við götuna Hringhellu hefði fyrir mörgum árum valdið verulegum vandkvæðum vegna mengunar. Minnt er á að Hafnarfjarðarbær og heilbrigðiseftirlitið gerðu á þessum tíma kröfur um að lóð undir nýja verksmiðju yrði öll malbikuð og efnisgeymslur fyrir fínefni yrðu lokaðar o.fl. Einnig er á það bent í umsögninni að landeigandi hjá Álhelli 18 ætla að leggja fráveitu í jörð og tengingu við fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar.

Framkvæmdum miði hins vegar seint. Bent er á að ef mengandi efni komast í jörð séu áhrif möguleg vegna vatnstöku álversins í nágrenninu og tjarna innst í Straumsvík sem njóti verndar sem náttúruvætti (hér á heilbrigðiseftirlitið væntanlega við svæði nr. 112 á náttúruinjasrá þar sem eru fjörur og tjarnir með miklu fuglalífi).

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við greinar 2.3, 3.2 og 3.6. Hvað grein 2.3 varðar er gerð krafa um að kveðið sé á um að aksturleiðir, bílastæði, plön og lóð verði malbikuð og afrennsli fari í sandföng og í olúgildru. Þar segir að mögulega megi gefa fresti til endanlegs frágangs.

Í sambandi við grein 3.2 koma fram efasemdir um að vatnsúðun sé viðunandi til að koma í veg fyrir fok en einnig segir að það fari líka eitthvað eftir því hve vel er verkstýrt. Varað er við því að pollar með fínefnum geti setið eftir. Bent er á að efnishaugar með foggjörnum eignum með háu hlutfalli fínefna samanstandi oft af innfluttu efni og þá verði haugarnir gjarnan stórir.

Varðandi grein 3.6 er ábending um að losunarmörk séu rýmri á sama tíma og skorsteinn sé lægri.

Einnig er bent er á ósamræmi vegna mismunandi ákvæða um samráðsfundi í starfsleyfum Umhverfisstofnunar á svæði heilbrigðiseftirlitsins.

Í lok umsagnarinnar er rætt um starfsleyfistillöguna almennt. Helst er þar rætt um að fráveitumál, olúmengun og þjónusta við tæki og farartæki hafi ekki fengið næga umfjöllun.

- Breytingar hafa verið gerðar frá auglýstri tillögu á ýmsum ákvæðum sem snúa að heftingu ryks.
- Í svörum við umsögn Hafnarfjarðarbæjar er gerð grein fyrir breytingum á ákvæði um frárennsli frá auglýstri tillögu.
- Varðandi grein 2.3 er nú kveðið skýrt á um að niðurstaða eftirlits getur leitt til þess að leggja verði allt athafnasvæðið bundnu slitlagi. Þannig er skylt að ráðast í framkvæmd um að leggja það slitlagi ef það er niðurstaða eftirlita að á því sé þörf.
- Breyting á grein 3.2 var gerð þar sem ítarlegar er farið yfir kosti til að halda rykmengun í lágmarki og um hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaðar. Sett er ákvæði um fallhæð við flutning hráefna.
- Eins og áður kemur fram hafa losunarmörk fyrir NO<sub>x</sub> í grein 3.6 verið lækkuð.
- Í svörum vegna athugasemda Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf. er gerð grein fyrir afstöðu stofnunarinnar til samráðsfunda.
- Umhverfisstofnun telur sig hafa brugðist við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram um starfsleyfistillöguna og þakkar aðstoðina.

## FYLGISKJAL 3

### Yfirlit yfir breytingar sem gerðar voru frá auglýstri tillögu að starfsleyfi

- Breyting á grein 1.1 vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Minniháttar orðalagsbreyting á grein 1.2.
- Breyting á grein 1.3 vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Breyting á grein 1.4 vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Minniháttar breyting er gerð á grein 1.5.
- Breyting á grein 1.6 vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Breyting á grein 1.8 vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Breyting á grein 2.3 þess efnis að allt athafnasvæðið skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu.
- Breyting á grein 2.4 vegna breyttra ákvæða nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Minniháttar breyting er gerð á grein 2.7.
- Krafa sett inn í grein 3.1 um að halda í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir.
- Breyting á grein 3.2 þar sem ítarlegar er farið yfir kosti til að halda rykmengun í lágmarki og um hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaðar. Tekið er fram að vökvunarbúnaður, sé hann notaður, þurfi að þola frost og íslenskar veðuraðstæður. Sett er ákvæði um fallhæð við flutning hráefna.
- Breyting á grein 3.3 þar sem möguleiki er gefinn á að leggja fram loftdreifilíkan og að Umhverfisstofnun fallist í framhaldinu á breytingu á útstreymishraða.
- Minniháttar breyting er gerð á grein 3.5.
- Breyting á grein 3.6 þar sem losunarmörk fyrir NO<sub>x</sub> eru lækkuð.
- Fyrirsögn er breytt á grein 3.7.
- Breyting á grein 3.7 þar sem settar eru fram ítarlegri kröfur um frárennsli en í auglýstri tillögu, sandfang og olúskiljur ásamt losunarmörkum fyrir svifagnir í fráveitu. Losunarmörk sett í töflu.
- Neðanmálgrein um frárennsli og fráveitur er sett inn undir grein 3.7.
- Breyting á fyrirsögn í grein 3.8 og losunarmörk færð í grein 3.7.
- Breyting á fyrirsögn í grein 4.1 og orðalagsbreytingar.
- Breytingar á grein 4.2 til að skýra að verklag á að vera til eða tæknilega lausnir með virkni reykahreinsivirkis og gera grein fyrir eftirliti með tæmingu olúskilja og sandfangs/sandfanga og fjölgun mælinga á olú í fráveituvatni. Breytt fyrirsögn. Klausu sett inn um að gera mælingar samkvæmt stöðluðum mæliaðferðum.
- Ný grein 4.3 er sett inn um myndavélareftirlit með rykmyndun á lóð.
- Ný grein 4.5 er sett inn um vöktun umhverfis sem varðar mögulega sameiginlega umhverfisvöktun á svæðinu.
- Í 5. kafla er tilvitnun breytt vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Í 6. kafla er tilvitnun breytt vegna útgáfu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018.
- Auk þess eru birtar meiri upplýsingar og uppfærslur í viðauka og fylgiskjölum og villur leiðréttar.